

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Flóahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Flóahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulag, Krókur, L166243.

Deiliskipulagið felst í skilgreiningu byggingarreita og byggingarheimilda innan jarðarinnar og er m.a. gert ráð fyrir tveimur íbúðarhúsum, skemmu, geymslu og gestahúsum.
Samþykkt í sveitarstjórn 3. maí 2022.

Deiliskipulagsbreyting, Prestalaut, L212153.

Breytingin felur í sér stækkun lóðar úr 2.351 fm í 47.896 fm. Skipulagsskilmálar eru aðlagðir þessum breytingum en eru óbreyttir að öðru leyti.
Samþykkt í sveitarstjórn 5. apríl 2022.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 17. maí 2022.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.